



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Íbúaráð Breiðholts

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### **Svar við fyrirspurn íbúaráðs Breiðholts um gangstéttarbút við Lambasel**

Á fundi íbúaráðs Breiðholts 4. október 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Íbúi við Lambasel setti sig í samband við formann og vildi spyrjast fyrir um ókláraða gangstéttarbút sem er fyrir framan Lambasel 28 og fyrir aftan Lambasel 38 en svo virðist vera að bútur hafi orðið eftir þegar gangstéttir voru steypar. Vill íbúaráðið spyrjast fyrir um hvort ekki sé hægt að ganga frá þessu litla svæði sem eftir er til að gangandi vegfarendur komist öruggir leiðar sinnar innan hverfisins. Einnig er bent á blindhorn á tveimur stöðum sem ógna öryggi gangandi þegar bílar keyra úr götunni, stendur til að bæta umferðaröryggi á þessum blindhornum?*

Var fyrirspurninni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Svar:

Umræddur gangstéttarbútur er kominn á lista yfir fyrirhugaðar framkvæmdir. Stefnt er á að fara í framkvæmdir næsta vor. Ábending um blindhornin er móttækin en ekki ný. Blindhornin skapast vegna mannvirkja innan lóða. Ekki er ljóst hvenær unnt verður að bæta aðstæður. Reykjavíkurborg fer í fjölmargar aðgerðir á hverju ári til að bæta umferðaröryggi í borginni en þörfin á umferðaröryggisaðgerðum er mikil og margir staðir þurfa á lagfæringum að halda. Aðgerðum er forgangsraðað eftir faglegum forsendum og með tilliti markmiða umferðaröryggisáætlunar Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri